FERÐAMENN OG FORNLEIFAR VIÐ ÞJÓÐVEG 1

RANGÁRÞING YTRA

KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR

REYKJAVÍK 2013

FS508-13011

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

Forsíðumyndir

Efri lína: Markhólshellir í landi Syðri-Rauðalækjar (til vinstri) / Forskáli manngerðs hellis í Þjóðólfshaga (til hægri).

Neðri lína: Reyðarvatnsréttir í landi Reyðarvatns (til vinstri)/ Huldukonuhóll í landi Gaddstaða, nú innan Hellu (til hægri).[1]

[1] Allar ljósmyndir og uppdrættir í skýrslunni eru frá Fornleifastofnun Íslands nema annað sé tekið fram.

Efnisyfirlit

Samantekt **5**

Inngangur **6**

Aðferðafræði og umfjöllunarsvæði **7**

Fornleifar við þjóðveg 1 í Rangárþingi ytra **8**

Skipting í svæði og aðgengi 10

Svæði 1 - Hella 11

Svæði 2 - Ægissíða 15

Svæði 3 - Brekkur 18

Svæði 4 - Syðri-Rauðalækur 19

Fornleifarúntur í Holtum og á Rangárvöllum **21**

Holt 21

Rangárvellir 25

Niðurstöður og lokaorð **30**

Viðbætur 1 ..... **32**

Kort **35**

Samantekt

- Ferðamönnum á Íslandi fjölgar ár frá ári og nauðsynlegt er að kynna nýja áfangastaði fyrir þeim til að dreifa álagi á viðkvæmar náttúruperlur

- Fornleifar á Íslandi eru vannýtt auðlind í ferðaþjónustu. Áætlað er að á Íslandi séu um 200.000 minjastaðir en ferðamenn heimsækja aðeins 0,001% þeirra

- Í þessu verkefni eru fyrstu skrefin stigin í þá átt að þróa einfaldar aðferðir til að auka kynningu á menningararfinum og sérstöðu landsvæða með tilliti til fornminja

- Markmiðið er að hagnýta upplýsingar úr fornleifaskráningu í þágu nýsköpunar í ferðaþjónustu með því að kortleggja merka minjastaði í nágrenni þjóðvegar 1 sem gætu hentað til kynningar fyrir ferðamenn

- Allar skráðar fornminjar á 1 km breiðu svæði beggja vegna við þjóðveg 1 í Rangárþingi ytra voru kortlagðar. Af þeim minjum sem enn sést til voru valdar 20 minjar sem taldar eru henta vel til frekari kynningar

- Við val á minjunum var lögð áhersla á að þær hafi mikið gildi, séu vel sýnilegar, sjónrænar, áhugaverðar, fjölbreyttar og séu einkennandi fyrir fornleifar á svæðinu

- Minjarnar eru frá ýmsum tímum og hafa ólík hlutverk. Á meðal þeirra er bæjarhóll, huldufólksbústaður, beitarhúsatóftir, áveitumannvirki og mikið magn manngerðra hella sem þjónað hafa ýmsum hlutverkum í gegnum tíðina

- Einnig eru kynntar valdar fornminjar á leiðum sem liggja í sveig frá þjóðvegi 1 upp í Holtin og upp á Rangárvelli - manngerðir hellar, miðaldabýli, uppblásin býli og skilaréttir svo fátt eitt sé talið

Inngangur

Reglulega birtast fréttir af nýjum metum sem sett eru í fjölda ferðamanna á Íslandi og bendir ekkert til þess að vinsældir Íslands sem ferðamannastaðar muni dvína á næstunni. Rannsóknir hafa sýnt að náttúra Íslands á mestan þátt í því að lokka ferðamenn til landsins[2] og er það ekki að undra því fagurt er landið og frítt. En viðkvæmt er það líka, og nú er svo komið að bregðast þarf við til að vernda vinsælustu og oft á sama tíma viðkvæmustu náttúruperlurnar fyrir auknum ágangi ferðamanna. Nýlegar fréttir greina frá því að komið sé í óefni á Þingvöllum þangað sem gríðarlegur fjöldi ferðamanna leggur leið sína ár hvert[3]og svipaða sögu er hægt að segja um marga aðra vinsæla ferðamannastaði. Ein besta leiðin til að bregðast við þessum aðstæðum er að fjölga áfangastöðum fyrir ferðamenn og auka fjölbreytni þeirra. Nýlegt dæmi sýnir að sveitarstjórnaryfirvöld eru þegar farin að taka við sér og vinna þrjú sveitarfélög á Suðurlandi um þessar mundir sameiginlega að því að fjölga áfangastöðum á hálendinu og takmarka umferð á viðkvæma staði á borð við Landmannalaugar.[4]

Fornleifar á Íslandi eru vannýtt auðlind í ferðaþjónustu hér á landi. Enn hafa möguleikar þeirra lítið verið kynntir fyrir aðilum í ferðaþjónustu og því síður fyrir hinum almenna ferðamanni. Gríðarlegt magn fornleifa leynist um allt land og hefur mikið starf verið unnið við skráningu þeirra þó að enn sé mikið verk óunnið. Áætlað er að á Íslandi séu um 200.000 minjastaðir[5] en ferðamenn heimsækja einungis örfáa þeirra.[6] Fornleifarnar eru nánast allsstaðar, í byggð, í borg, í sveitum, við sjó, uppi á hálendi og úti í eyjum. Hvert sem farið er á Íslandi er oftast nær stutt í næstu fornleif. Ekki henta allir minjastaðir til kynningar en þó verður að hafa í huga að ferðamenn eru ekki einsleitur hópur og sækjast ekki allir eftir því sama á ferðalögum um landið.

Verkefnið *Ferðamenn og fornleifar við þjóðveg 1* sem kynnt verður í þessari skýrslu hlaut samfélagsstyrk Landsbanka Íslands sumarið 2012. Upphaflega hugmyndin var að vinna mun umfangsmeira verkefni þar sem útbúa átti kerfi fyrir ferðaþjónustuna til þess að flokka fornleifar eftir hagnýtingargildi. Til stóð að gerð yrði skráning á fornleifum meðfram þjóðvegi 1 þar sem hann liggur um Norður- og Suður-Múlasýslu á Austurlandi, kortleggja minjarnar, raða þeim í flokka eftir nýju flokkunarkerfi og kynna niðurstöðurnar fyrir almenningi, ferðaþjónustuaðilum

---

[22] Sjá t.d. könnun á heimasíðu Ferðamálastofu: http://www.ferdamalastofa.is/static/files/upload/files/20121010112257Erlendir%20gestir_2012_9_final.pdf

[3] http://www.mbl.is/frettir/innlent/2013/03/18/ongthveiti_framundan_a_thingvollum/

[4] „Álaginu dreift á fleiri staði.“ Morgunblaðið 1. mars 2013, bls. 12.

[5] Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður MÍ, munnleg heimild 16.04.2013.

[6] Engar tölur liggja fyrir um það hversu margir minjastaðir á Íslandi eru sérstaklega kynntir fyrir ferðafólki með upplýsingaskiltum eða öðrum aðferðum. Skýrsluhöfundur áætlar að þessi fjöldi sé innan við 200 staðir á öllu landinu, að húsasafni Þjóðminjasafns Íslands meðtöldu, sem er þá innan við 0,001% af áætluðum fjölda fornminja í landinu.

og stjórnvöldum. Þar sem styrkupphæðin sem fékkst var fjórðungur þeirrar upphæðar sem sótt var um reyndist nauðsynlegt að endurhugsa verkefnið. Ákveðið var að fjalla um svæði þar sem aðalskráning fornleifa hafði þegar farið fram og var Kristborg Þórsdóttir fengin til þess að vinna verkið og skrifa skýrslu þar sem hún hefur unnið mikið á svæðinu sem varð fyrir valinu. Elín Ósk Hreiðarsdóttir hafði yfirumsjón með verkefninu sem ábyrgðarmaður þess og deildarstjóri fornleifaskráningar á Fornleifastofnun Íslands.

Verkefnið er þróunarverkefni Fornleifastofnunar Íslands þar sem markmiðið er að hagnýta upplýsingar úr fornleifaskráningu í þágu nýsköpunar í ferðaþjónustu með því að kortleggja merka minjastaði í nágrenni þjóðvegar 1 sem gætu hentað til kynningar fyrir ferðamenn. Verkefnið er hugsað sem upphafsskref í þá átt til að þróa einfaldar aðferðir til að auka kynningu á menningararfinum og sérstöðu landsvæða með tilliti til fornminja. Verkefnið hefur verið kynnt fyrir Minjastofnun Íslands og verður kynnt stjórnvöldum á umfjöllunarsvæðinu. Frekari skref í þessari vinnu þarf að taka í samvinnu við Minjastofnun Íslands, sveitarfélög, landeigendur og ferðaþjónustuaðila.

Aðferðafræði og umfjöllunarsvæði

Eins og yfirskrift verkefnisins ber með sér er áhersla lögð á að gera fornleifar við þjóðveg 1 aðgengilegar og kynna þær fyrir ferðamönnum. Þegar vinna hófst við verkefnið *Ferðamenn og fornleifar við þjóðveg 1* var ákveðið að velja svæði til umfjöllunar þar sem aðalskráning fornleifa er langt á veg komin og hægt var að nota tiltæk gögn úr skráningunni. Fyrir valinu varð Rangárþing ytra í Rangárvallasýslu en það er sameinað sveitarfélag Djúpárhrepps, Holtahrepps, Rangárvallahrepps og Landmannahrepps. Þjóðvegur 1 liggur um gömlu hreppana Rangárvallahrepp og Holtahrepp en á milli þeirra er ein jörð í Djúpárhreppi sem vegurinn liggur um. Fornleifastofnun Íslands hefur síðan árið 2006 unnið aðalskráningu í Rangárþingi ytra fyrir sveitarfélagið og skráð fornleifar í gömlu hreppunum Landmannahreppi, Holtahreppi og Rangárvallahreppi. Skráningin er langt komin og lýkur vettvangsvinnu sumarið 2014.[7] Aðalskráning fornleifa í Djúpárhreppi var áður unnin af Fornleifastofnun árið 2000,[8] fyrir sameiningu sveitarfélaganna.

Í Rangárþingi ytra er öll helsta þjónusta fyrir sveitarfélagið í bænum Hellu við suðausturbakka Rangár ytri og liggur þjóðvegur 1 í gegnum hann. Þangað geta ferðamenn einnig sótt helstu þjónustu en þar er verslun, bifreiðaþjónusta, veitingastaðir, tjaldstæði, gistirými og

[7] Komnar eru út tvær áfangaskýrslur um fornleifaskráningu í Rangárvallahreppi: 2008 - FS379-06191 og 2010 - FS446-06192. Áfangaskýrsla um fornleifaskráningu í Holtahreppi kemur út á vordögum 2013-FS507-06193.
[8] Skýrslan kom út árið 2001-FS146-00051.

sundlaug, svo fátt eitt sé nefnt. Við þjóðveg 1 á svæðinu er einnig bensínafgreiðsla, verslun og veitingasala í Söluskálanum við Landvegamót.

Vinnan við verkefnið fólst í því að yfirfara skráða fornleifastaði og flokka saman alla þá staði sem falla innan 1 km breiðs beltis sitthvoru megin við þjóðveg 1. Allir þekktir minjastaðir á þessu svæði voru kortlagðir og mat lagt á það hvaða fornleifar henta til frekari kynningar með tilliti til aðgengi og þjónustu í nágrenninu. Áhersla var lögð á að minjarnar sem voru valdar væru fjölbreyttar, hefðu mikið sjónrænt gildi og ekki síst að þær væru á einhvern hátt einkennandi fyrir svæðið eða vísuðu til sérstöðu þess.

Mikill munur er á landslagi innan þess svæðis sem hér er til umfjöllunar, en þó er aðallega mikill munur á gróðurfari. Gríðarlegur uppblástur hefur leikið Rangárvallahrepp grátt í gegnum tíðina en þar hefur verið unnið mikið starf við uppgræðslu á síðustu áratugum. Vegna uppblástursins eru stórar eyður í Rangárvallahreppi þar sem engar heimildir eða minjar um fornleifar hafa varðveist. Gríðarlegur fjöldi eyðibýla hefur verið skráður í Rangárvallahreppi og eru eyðibýlin eitt af einkennum svæðisins í fornleifafræðilegu tilliti. Lítill sem enginn uppblástur hefur verið í Holtahreppi og er þar blómleg og grösug sveit þar sem skiptast á lág holt og blautar mýrar. Sérstaða Holtahrepps felst m.a. í miklum fjölda manngerðra hella en þau mannvirki finnast nær eingöngu á Suðurlandi. Sérstaða beggja hreppa og sveitarfélagsins í heild í fornleifafræðilegu tilliti er nátengd jarðfræðisögu þess og eldvirkni í Heklu. Auðvelt er að tengja kynningu á jarðfræði og eldvirkni svæðisins við fornleifarnar því allt myndar þetta samofna heild.

Ýmsar leiðir má fara við að velja minjastaði til kynningar fyrir ferðamenn og aðra áhugasama. Í verkefninu er megináherslan lögð á fornleifar við þjóðveg 1 eins og fyrr segir. Hins vegar háttar þannig til á tveimur stöðum á svæðinu að hægt er að fara stutta hringferð af þjóðveginum upp í sveitirnar í Holtahreppi og Rangárvallahreppi. Til þess að auka möguleika ferðamannsins var ákveðið kanna einnig fornleifar í námunda við þessa „útidúra“ og kynna nokkra staði í nágrenni þessara leiða sem eiga það sameiginlegt hafa mjög mikið kynningargildi og vera nokkuð dæmigerðir fyrir fornleifar á svæðinu. Með þessu gefst tækifæri til að koma fleiri áhugaverðum fornleifum á kortið og ferðmenn fá tækifæri til að kynnast svæðinu nánar.

Fornleifar við þjóðveg 1 í Rangárþingi ytra

Sá hluti þjóðvegar 1 sem liggur um Rangárþing ytra er um 18,5 km á lengd. Það svæði sem hér er til umfjöllunar er eins og áður segir um 1 km breitt belti sitthvoru megin við þjóðveginn. Á því svæði hafa verið skráðar 178 fornleifar (sjá kort 1). Minjarnar eru af mjög margvíslegum toga. Sumar eru minnisvarðar um búskap og skepnuhald, aðrar tengjast samgöngum eða landnýtingu

og enn aðrar fela í sér fróðleik um þjóðtrú eða átrúnað. Um suma minjastaðina vitum við harla lítið. Í töflu 1 má sjá hlutverk þeirra minjastaða sem skráðir voru á svæðinu.

Tafla 1

Hlutverk	fjöldi
Áveita	4
Beitarhús	12
Brunnur	4
Brú	1
bústaður	6
bænhús	1
draugur	1
ferja	1
fjárhús	3
fjárskýli	7
fjós	6
hesthús	4
hjallur	1
hlaða	2
huldufólksbústaður	3
kálgarður	11
kvíar	2
lambhús	2
landamerki	9
legstaður	2

leið	16
mógrafir	2
mylla	1
nátthagi	2
óskilgreint	5
óþekkt	18
refagildra	1
rétt	3
rista	3
sel	1
skemma	3
smiðja	2
stekkur	2
tjaldstæði	1
traðir	5
túngarður	4
útihús	11
vað	11
vatnsból	1
vörslugarður	4
Alls	178

Óhætt er að segja að eyðing minja á Íslandi hafi aldrei verið eins ör og frá miðbiki 20. aldar og fram á okkar dag. Ástæður þessa eru margvíslegar en þyngst vegur án efa stórtækar aðgerðir við stækkun og sléttun túna og mikil uppbygging á húsakosti í sveitum. Ýmislegt annað hefur þó haft mikil áhrif og má þar t.d. nefna uppblástur, skógrækt og vegagerð. Samanlagt hafa þessir þættir gengið svo nærri minjum að allvanalegt er að allt að helmingur allra þekktra minjastaða í sveitarfélögum er með öllu horfinn. Ástand þeirra minja sem hér eru til umfjöllunar er afar misjafnt og engin ummerki sáust um 83 minjastaði, eða 47% skráðra minja á svæðinu. Þeir staðir voru staðsettir með aðstoð heimilda og heimildamanna. Á þeim 95 stöðum sem þá eru eftir sáust einhver ummerki um fornleifarnar og margar minjar eru enn heillegar (sjá kort 2a og 2b). Í viðauka 1 er listi yfir allar fornleifar á svæðinu sem sást til. Af þessum 95 stöðum sem sást til voru valdir 20 minjastaðir sem taldir eru henta vel til kynningar fyrir ferðamenn.

Það sem var haft til hliðsjónar við val á minjunum var annars vegar gildi minjastaðarins og hins vegar aðgengi farartækja að honum. Miða þessar kynningartillögur við að ekki þurfi að fara

út í framkvæmdir til að hægt sé að stoppa farartæki við þjóðveg 1 og skoða minjarnar. Fornleifarnar þurfa að vera vel sýnilegar, sjónrænar og áhugaverðar. Einnig var leitast við að minjarnar væru fjölbreyttar og einkennandi fyrir svæðið.

Allar fornminjar á Íslandi eru friðaðar samkvæmt lögum og hefur Minjastofnun Íslands eftirlit með þeim. Sumar af þeim fornminjum sem voru valdar til kynningar eru sérstaklega friðlýstar og um þær gilda strangari reglur en aðrar fornleifar. Það er margt sem þarf að huga að áður en fornleifar eru kynntar sem fýsilegur áfangastaður fyrir ferðamenn. Grundvallaratriði er að kynning slíkra staða sé unnin í þökk og með samþykki landeigenda á hverjum stað. Einnig þarf að vera góð samvinna við sveitarfélagið og Minjastofnun. Þar sem bílaumferð er mikil og hröð, eins og á þjóðvegi 1, þarf að vera aðstaða til að leggja bílum og rútum á öruggan hátt og tryggja þarf að tiltölulega auðvelt sé að komast á áfangastað frá þeim stað sem farartækinu var lagt á. Huga þarf að öryggi ferðamanna og að varðveislu minjanna og gera viðeigandi ráðstafanir í því augnamiði. Merkingar þurfa að vera til staðar svo að fólk komi auðveldlega auga á staðina og/eða rati að þeim. Útfæra þarf leiðir til að koma kynningarefni um staðina á framfæri, með upplýsingaskiltum, leiðsögn í snjallsíma eða bæklingagerð, svo fátt eitt sé nefnt.

Skipting í svæði og aðgengi

Fornleifarnar 20 sem valdar voru til kynningar og fjallað verður um hér á eftir eru á fjórum svæðum og er hægt að ganga á milli minjanna innan hvers svæðis. Áður en fjallað verður um fornleifarnar sjálfar verða þessi svæði og aðgengi að þeim kynnt nánar.

Svæði 1 er suðaustast á umfjöllunarsvæðinu. Á því eru fornleifar sem tilheyrðu eyðijörðinni Gaddstöðum og lenda þær innan byggðarinnar á Hellu og við jaðar hennar. Mjög gott aðgengi er að öllum minjunum á þessu svæði, hvort sem farið er um það á bíl eða fótgangandi. Til þess að koma upplýsingum um þessar minjar á framfæri væri hægt að útbúa lítinn bækling og/eða stuttar kynningarferðir. Þannig gefst fólki kostur á að kynnast bænum betur og áhugi þeirra á sögu hans og næsta nágrenni eykst að sama skapi. Inn í leiðsögn og bækling væri hægt að koma á framfæri sögulegum upplýsingum um bæinn Hellu, hvenær og hvernig hann byggðist upp, hvaða atvinnustarfsemi þar hefur helst farið fram og svo framvegis. Auðvelt er að koma upplýsingum um minjarnar á framfæri við gesti á tjaldstæðinu í bænum, í öðrum gistirýmum í bænum, á veitingastöðum og verslunum.

Svæði 2 er kippkorn frá Hellu, vestan við Rangá ytri. Á því er fjöldi varðveittra manngerðra hella á jörðinni Ægissíðu. Góð aðstaða er á Ægissíðu til að leggja bílum ef leyfi fæst til, t.d. á malbikuðu plani þar sem áður var bensínstöð og þvottaplan. Við planið væri hægt að hafa upplýsingaskilti með korti af hellunum og helstu upplýsingum um þá. Einnig væri hægt að

hafa minni skilti við hvern helli og/eða útbúa bæklinga sem fólk getur haft með sér. Á Ægissíðu er stunduð ferðaþjónusta og væri hægt að útfæra aðgengi að hellunum í samvinnu við þá ferðaþjónustaðila. Hellarnir á Ægissíðu eru flestir friðlýstir og mun Minjastofnun Íslands meta það með hvaða hætti hægt væri að bæta aðgengi og kynna hellana án þess að varðveislu þeirra verði ógnað.

Svæði 3 er í heimatúni bæjarins Brekkna, tæpum 4 km norðvestan við Ægissíðuhellana. Ekki er lengur stundaður hefðbundinn búskapur á bænum og fengist leyfi til væri hægt að leggja farartækjum við enda heimreiðarinnar þar sem gamli bærinn stóð áður, en hann hefur verið rifinn. Á þessu svæði er stór manngerður hellir og ummerki um annan helli sem féll saman fyrir alllöngu. Nokkuð auðvelt aðgengi er að minjunum en ganga þarf um 200 m í sveig að minjunum af gamla bæjarhlaðinu.

Svæði 4 er um 1,35 km VSV við hellana á Brekkum. Þar eru fremur ungar minjar frá 19. og 20. öld í landi Syðri-Rauðalækjar og auka þær fjölbreytni minjanna sem valdar voru til kynningar. Ekið er af þjóðvegi 1 eftir heimreið að bænum, um 830 m langan kafla, og stöðvað við leifar af beitarhúsum og gerði. Þar er flatlent við veginn og hægt að leggja farartækjum í vegkanti en einnig ætti að vera auðvelt að útbúa lítið bílastæði fáist til þess leyfi. Fleiri minjar eru ASA við beitarhúsin og er aðgengi að þeim nokkuð auðvelt en ganga þarf um 660 m að austustu minjunum.

Svæði 1 - Hella

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk
RA-308:001	Gaddstaðir	bæjarhóll	bústaður
RA-308:003		gerði	kálgarður
RA-308:004		hellir	fjárskýli
RA-308:007	Huldukonuhóll	heimild	huldufólksbústaður
RA-308:011		hellir	óþekkt
RA-308:017		hellir	skemma
RA-308:018		tóftir	beitarhús
RA-308:020		hleðsla	traðir

Á svæði 1 eru átta fjölbreyttar fornleifar, allt frá bæjarhól til huldufólksbústaðar (sjá kort 3). Ein fornleif á svæðinu er friðlýst, hellir RA-308:004.

Bærinn Hella er að mestu leyti byggður í landi Gaddstaða sem fór í eyði 1957. Inni í byggðinni má enn sjá leifar af *bæjarhól Gamla-Gaddstaðabæjarins (RA308:001)*, auk *kálgarðs (RA-308:003)* og *traða (RA-308:020)*. Bærinn var fluttur undan sandágangi árið 1896 á annan stað innan Hellu.

Eftir standa minjar um margra alda búsetu en elstu heimildir um byggð á Gaddstöðum eru frá 1270. Til þess að gera minjarnar enn greinilegri er nauðsynlegt að slá reglulega gras og annan gróður sem á þeim vex.

Á vinstri myndinni sjást traðir við Gamla-Gaddstaðabæinn og á hægri myndinni sést kálgarður sunnan við bæjarhólinn



Á myndinni til vinstri má sjá aðstæður þegar hellir RA-308:011 kom í ljós og tvö op inn í hann. Til hægri er uppdráttur af hellinum. Myndefnið er úr bókinni Manngerðir hellar á Íslandi (1991) eftir Árna Hjartarson, Guðmund J. Guðmundsson og Hallgerði Gísladóttur (hér eftir MHÍ), bls. 216, 217

Fast við þessar minjar sjást ummerki um manngerðan *helli (RA-308:011)* sem kom í ljós þegar verið var að grafa fyrir grunni nýs íbúðarhúss að Freyvangi 6 á Hellu. Hugsanlegt er að einhvern tímann hafi verið innangengt úr hellinum í gamla bæinn. Hellinum var lokað aftur og einu ummerkin um hann er djúp, grasi gróin gróf í lága brekku. Tveir aðrir hellar eru á Hellu, báðir friðlýstir, sem notaðir voru fyrir kindur og lömb. Annar þeirra sést ekki lengur en hinn *hellirinn (RA-308:004)* er á grasivöxnu útivistarsvæði milli gatnanna Freyvangs og Þingskála. Hann er hruninn en það mótar enn fyrir hellismunnanum. Hægt væri að gera hellinn aðgengilegan og er

hann til vitnis um það mikilvæga hlutverk sem hellar gegndu í búskap á vestanverðu Suðurlandi um aldir.

Huldukonuhóll

Í miðjum bænum er fallegur hóll sem heitir *Huldukonuhóll (RA-308:007)* og er sögn tengd honum sem segir frá því að huldukona hafi sést við hólinn og læknað haltan hest sem var á beit á hólnum. Nafn hólsins og sagan sem honum fylgir minnir okkur á þá sterku trú á tilvist huldufólks sem hefur verið ríkjandi um aldir á Íslandi. Í tengslum við hólinn væri hægt að koma á framfæri almennum fróðleik um huldufólkstrú hér á landi með áherslu á Suðurland.

Sunnan við þjóðveg 1 og 380 m suðvestan við gamla Gaddstaðabæinn er fjöldi *tófta (RA-308:018)* frá fleiri en einum tíma. Greinilegustu, og væntanlega yngstu, minjarnar eru af beitarhúsum en líklegt er að eldri minjar á svæðinu hafi haft sama hlutverk. Tóftirnar mynda

Ein af beitarhúsatóftunum í tóftaþyrpingu sunnan við þjóðveg 1

fallega minjaheild og sýna dýpt í tíma. Við þær er tilvalið að kynna hlutverk beitarhúsa í íslenskum landbúnaði og fjalla um gerð og dreifingu þeirra í sveitarfélaginu.

Hellir fast norðan við beitarhúsatóftir

Fast norðan við beitarhúsatóftirnar er *hellir (RA-308:017)* sem notaður hefur verið sem kartöflugeymsla en virðist vera kominn úr notkun. Aldur hans er ekki þekktur og er hans ekki getið í bókinni *Manngerðir hellar á Íslandi*. Líklegt er að hann sé fremur ungur að árum og eru

steyptir veggir við inngang og í vesturenda hellisins. Hellirinn er gott dæmi um yngstu hellana á svæðinu sem voru einmitt oft notaðir sem kartöflugeymslur.

Svæði 2 - Ægissíða

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk
RA-419:027	Hellistúnshellar	hellir	hlaða/fjárhús
RA-419:028	Fjóshellir	hellir	fjós
RA-419:029	Búrhellir	hellir	
RA-419:030	Kirkjuhellir/Túnhellir	hellir	fjárhús/hlaða
RA-419:031	Hrútshellir	hellir	
RA-419:033	Skagahellir	hellir	
RA-419:035	Lambahellar/Túnhellar	hellir	

Á svæði 2 eru sjö manngerðir hellar á bænum Ægissíðu (sjá kort 3). Allir hellarnir eru friðlýstir nema einn, Kirkjuhellir/Túnhellir RA-419:030. Hellarnir á Ægissíðu hafa gegnt ólíkum hlutverkum og hafa þau einnig breyst í gegnum tíðina.[9] Manngerðir hellar eru einn sérstæðasti minjaflokkurinn sem Suðurland státar af og ljóst er að kynning á hellunum gæti gegnt lykilhlutverki á því svæði sem hér er til umfjöllunar.



Hellistúnshellar. Til vinstri er uppdráttur af hellunum og til hægri er ljósmynd af forskálanum framan við Fjárhellinn. Myndefnið er úr MHÍ, bls. 154, 155

Hellistúnshellar (Fjárhellir og Hlöðuhellir) *(RA-419:027)* eru rétt við þjóðveg 1. Þeir eru samtengdir með löngum göngum. Eins og nöfn þeirra gefa til kynna voru hellarnir notaðir sem fjárhús og hlaða en síðustu ár hafa þeir verið notaðir sem kartöflugeymsla. Brunnur er í Fjárhellinum. Árið

[9] Umfjöllun um hellana á Ægissíðu byggir aðallega á skrifum um þá í bókinni Manngerðir hellar á Íslandi (MHÍ) bls. 144-163.



Fjóshellir. Til vinstri er uppdráttur af hellinum, til hægri er mynda af krossmarki á stafni svokallaðrar Kapellu í Fjóshelli. Myndefnið er úr MHÍ, bls. 150, 151.

1967 var gerður steinsteyptur inngangur í Hlöðuhellinn þar sem gamli forskálinn var. Ekki er annað vitað en að sá inngangur sé enn opinn og aðgengilegur.

Fjóshellir (RA-419:028) er stærsti hellirinn á Ægissíðu en hann er einnig á meðal stærstu manngerðu hella á Íslandi. Hellirinn var notaður sem fjóshlaða til 1975 en þá var kúabúskap á Ægissíðu hætt. Í honum má sjá krossmörk sem rist hafa verið í hellisveggina.



Þrjár teikningar af Búrhelli eru til vinstri og sýna breytingarnar sem á honum hafa orðið. Efst er teikning Árna Erasmussonar. Næst er teikning Matthíasar Þórðarsonar frá 1917. Neðst er hellirinn eins og hann var á 9. áratug síðustu aldar. Á myndinni til hægri er horft inn í vesturenda hellisins þar sem sjást sáför meðfram veggjum og hlaðinn gafl innst. Myndefni úr MHÍ, bls. 152-153

Búrhellir (RA-419:029) er mjög merkilegur hellir en í honum er fjöldi sáfara, för eftir tunnur sem mætvæli voru geymd í. Elsta þekkta hlutverk hellisins er búr. Hellirinn var grafinn upp árið 1899 og var þá notaður fyrir heyhlöðu og seinna eldsneyti. Hellirinn er að hluta undir íbúðarhúsinu að Ægissíðu II og þegar það var byggt 1966 var inngangur í hellinn tengdur húsinu og er innangengt í hann úr kjallara hússins. Hellirinn fékk eftir það aftur sitt forna hlutverk sem búr. Ljóst er að aðgengi að þessum helli er ekki gott þar sem fara þarf í gegnum íbúðarhúsið að Ægissíðu II til að komast inn í hann. Það mætti engu að síður hafa fróðleik um hellinn, myndir og uppdrætti í fræðslu- og kynningarefni um hellana á Ægissíðu.

Kirkjuhellir/Túnhellir (RA-419:030) var áður notaður sem gripahús og seinna heyhlaða. Kirkju-nafnið er ungt og dregið af lögun hellisins sem minnir á kirkju; forhellirinn er lágur en inn af honum er há og víð hvelfing.

Hrútshellir (RA-419:031) er lítill hellir á milli Fjóshellis og Kirkjuhellis. Hann hefur líklega verið notaður sem hrútakofi en um tíma var húskofi yfir hellinum og í honum var kaldreykt kjöt. Þá var kveikt upp í hellinum og reykurinn steig upp í kofann í gegnum strompinn. Opið er inn í hellinn um hellismunna en ekki er forskáli framan við hann.

Skagahellir (RA-419:033) er lítill hellir í bæjarhólnum við Ægissíðu IV. Hellirinn hefur verið notaður undir kartöflur og á 3. áratug 20. aldar var hann notaður sem íshús og í honum geymt refafóður.

Lambhellar (RA-419:035) eru tveir samstæðir hellar, fjárhellir og hlaða. Í fjárhellinum eru jötur meðfram langveggjum sem gerðar eru úr hellusteinum sem reistir eru upp á rönd. Hellarnir voru síðast notaðir 1962.



Lambahellar. Uppdráttur af hellinum er til vinstri og til hægri er mynd af Fjárhelli/Gripahelli þar sem sjá má jötur úr steinhellum meðfram langveggjum. Myndefnið er úr MHÍ, bls. 161, 162.

Mjög margir manngerðir hellar á Suðurlandi skemmdust í Suðurlandsskjálftanum árið 2000. Við ástandskönnun Fornleifaverndar ríkisins (nú Minjastofnunar Íslands) á nokkrum hellum á Suðurlandi árið 2003 kom í ljós að hellarnir á Ægissíðu þurfa allir á viðhaldi að halda en mismiklu

þó. *Fjóshellir* er í hvað bestu ástandi en forskáli hans var endurbyggður og inngangur lagaður nokkrum árum áður en ástandsskoðunin fór fram.[10]

Svæði 3 - Brekkur

Samtala	Tegund	Hlutverk
RA-412:004	hellir	fjárhús
RA-412:036	hellir	óþekkt

Á svæði 3 eru tveir manngerðir hellar og er annar þeirra, hellir RA-412:004, friðlýstur (sjá kort 4).

Gamall tvískiptur *hellir (RA-312:004)* er í heimatúninu á Brekkum. Á honum eru tveir hellismunnar. Framan við syðri munnann eru tóftir af hrútakofa og hlöðu. Hrunið hefur fyrir hellismunnana og því ekki hægt að komast inn í þá með góðu móti en það ætti að vera hægt að gera þá aðgengilega með litlum tilkostnaði. Elsta þekkta heimild um hellinn er í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín en hún er frá því skömmu eftir aldamótin 1700. Hellirinn er dæmi um stóran helli sem heimildir vitna um að sé allforn. Ætla má að hann hafi verið í notkun um



Uppdráttur af hellinum í Brekkum. Myndefnið er úr MHÍ, 186

[10] Agnes Stefánsdóttir og Kristinn Magnússon. Úttekt á manngerðum hellum á Suðurlandi 2003. Skýrslur Fornleifaverndar ríkisins 2004.

aldaraðir. Litlu sunnan við þennan helli er dæld inn í sama holt og fylgir henni sú sögn að þar sé hruninn *hellir (RA-412:036)*. Þau munnmæli fylgja sögninni að hellirinn hafi síðast verið kúafjós og hann hafi hrunið ofan á kýrnar í Brekkum í jarðskjálfta fyrir mörgum öldum.

Svæði 4 - Syðri-Rauðalækur

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk
RA-411:012	Markhólahellir	hellir	beitarhús
RA-411:020		tóft+garðlag	beitarhús
RA-411:043		garðlag	áveita

Á svæði 4 eru þrjár fornleifar frá 19. og 20. öld en engin þeirra er friðlýst (sjá kort 4).

Markhólahellir



Uppdráttur af beitarhúsum og gerði

Við heimreiðina að Syðri-Rauðalæk er fyrst komið að *beitarhúsum (RA-411:020)* sem notuð voru fram til 1975. Beitarhúsin hafa verið rifin að nokkru leyti en enn sjást leifar af þeim auk tveggja samtengdra gerða sem afmörkuðu tún. Beitarhús eru dæmi um minjar sem eru mjög algengar í Holtahreppi og víðar í sveitarfélaginu Rangárþingi ytra. Eins er mjög mikið af fremur ungum garðlögum og gerðum í Holtamannhreppi eins og gerði því sem sést við beitarhúsin. Það stafar af því að girðingarefni var dýrt og því víða gripið til þess ráðs að hlaða torfgarða og girða ofan á þá með tveimur gaddavírsstrengjum til að spara girðingarefni. Ef gengið er um 660 m til suðausturs er komið að helli sem heitir *Markhólahellir (RA-411:012)* og var gerður 1824. Hann var notaður fyrir „geldsauði“. Gott aðgengi er að hellinum en engar leifar af forskála

eru framan við hann. Hellirinn er dæmi um aðra gerð beitarhúsa í Holtamannhreppi. Á milli beitarhúsanna og hellisins má sjá þriðju fornleifina á þessu svæði en það eru minjar um *áveitukerfi (RA-411:043)*; m.a. garðar og skurðir sem ná yfir stórt svæði.

Fornleifarúntur í Holtum og á Rangárvöllum

Skráning í Rangárþingi ytra hefur leitt í ljós þúsundir minjastaða. Þeirra á meðal eru fjölmargir aðrir staðir en hér hefur verið fjallað um sem gætu hentað til kynningar. Hér verða lögð til tvö dæmi um stuttar ferðir sem hægt væri að fara innan Rangárþings ytra til að kynnast fleiri merkum fornminjum. Hægt er að keyra tvo hálfhringi innan svæðisins inn í sveitirnar til norðausturs af þjóðvegi 1 og verða hér á eftir nefndar nokkrar fornleifar sem allgott aðgengi er að á þeim leiðum. Annars vegar er um að ræða fornleifarúnt upp í Holtin og hins vegar er hægt að fara fornleifarúnt um Rangárvelli.

Holt

Farið væri upp í Holtin eftir Landvegi 26, af þjóðvegi 1 frá Landvegamótum, og beygt niður hjá Köldukinn á Árbæjarveg 271 sem liggur aftur á þjóðveginn vestan við Ytri-Rangá (rúmir 22 km). Leiðin liggur fram hjá Laugalandi þar sem er tjaldstæði og sundlaug. Á þessari leið eru fjölmargir áhugaverðir staðir en hér verða nefndir nokkrir þeirra sem standa upp úr og sérlega gott aðgengi er að (sjá kort 5).

Hellir í Þjóðólfshaga (RA-409:007), friðlýstar minjar. Við Þjóðólfshaga II er mjög heillegur hellir. Forskáli eða hús framan við hellinn stendur enn og virðist vera hægt að gera hellinn aðgengilegan með litlum tilkostnaði. Getið er um tvo hella í Þjóðólfshaga um 1700 í Jarðabók Árna

Forskáli Þjóðólfshagahellis á mynd til vinstri. Myndin til hægri er tekin inni í aðalrými hellisins og er horft í átt að tröppum sem liggja upp í forskálann. Hún er fengin úr MHÍ, bls. 166

Magnússonar og Páls Vídalín. Líklegt er að þessi hellir sé annar þeirra og er hann þá mjög gamall. Hellirinn var síðast notaður sem fjárhús og sjást leifar af garða í honum og fjárbað er í einum af afhelli hans.

Gamla-Pula í Holtahreppi (RA-397:001), friðlýstar minjar. Þar sem Landvegur og Hagabraut mætast á milli bæjanna Pulu og Köldukinnar er óvenju vel varðveitt minjaheild býlis sem fór í eyði á miðöldum og hefur bærinn ekki byggst aftur á sama stað. Á þessum stað eru leifar túngarðs og áföst akurgerði, stór bæjarrúst og meint fjósrúst auk fjölda annarra útihúsarústa. Sagnir eru um að bænhús eða kirkja hafi verið á staðnum. Heimildum ber ekki saman um ástæður þess að bærinn fór í eyði á sínum tíma. Í einni heimild er bærinn sagður hafa farið í eyði eftir jarðskjálfta en ekki er þá ljóst hvers vegna hann byggðist ekki aftur á sama stað. Einnig eru sagnir um að bærinn hafi farið í eyði í Svartadauða á 15. öld og að ekki hafi verið vært þar eftir það vegna reimleika. Afar sjaldgæft er að svona heilleg minjaheild frá miðöldum hafi varðveist í miðri byggð og gefst þarna



Uppdráttur af minjum í túni Gömlu-Pulu í Holtum

tækifæri til að fá áþreifanlega innsýn inn í löngu horfinn tíma. Hagabraut 286 liggur í gegnum rústasvæðið og er því stutt af veginum til að skoða minjarnar en vel færi á því að gera útskot við veginn svo hægt sé að leggja farartækjum án þess að hætta skapist og gera stiga yfir girðingar fáist leyfi til þess.

Árbæjarhellishellir eftir endurbyggingu forskála

Árbæjarhellishellir (RA-416:013), friðlýstar minjar, er merkilegur hellir og í bókinni Manngerðir hellar á Íslandi er það sagt fullum fetum að hellirinn sé „tvímælaust meðal merkustu fornminja á Íslandi“ (bls. 191). Aldur hellisins er ekki þekktur en hann er talinn allforn. Til þess bendir fornlegt letur og rúnir sem ristar hafa verið í veggina. Krossaþrenning er höggvin í bergið á vegg sem blasir við þegar gengið er niður steinþrepin ofan í hellinn. Krossarnir eru tákn um krossa Krists og ræningjanna á Golgata. Forskáli hellisins féll saman í Suðurlandsskjálfta sem reið yfir árið 2000. Víglundur Kristjánsson sá um endurbyggingu forskála og inngangs í hellinn árið 2003

en styrkur fékkst til verkefnisins frá ríkissjóði og er allur frágangur og aðkoma til fyrirmyndar.[11] Ekki spillir fyrir upplifuninni á þessum stað að gamli torfbærinn í Árbæjarhelli stendur enn þó að honum hafi verið lokað af öryggisástæðum vegna skemmda sem urðu á honum í sama jarðskjálfta árið 2000.

[11] Agnes Stefánsdóttir og Kristinn Magnússon. Úttekt á manngerðum hellum á Suðurlandi 2003. Skýrslur Fornleifaverndar ríkisins 2004.

Rangárvellir

Farið væri upp á Rangárvelli eftir Rangárvallavegi 264 sem liggur af þjóðvegi 1 að Landgræðslu ríkisins í Gunnarsholti, áfram að Keldum og þaðan aftur suður að þjóðvegi 1 (tæpir 28 km) (sjá kort 6). Á þessari leið eru fjölmargir áhugaverðir staðir.



Uppblásin tóft á Grákollustöðum sem klöppuð hefur verið í lint bergið

Grákollustaðir (RA-303:080). Þar eru minjar um uppblásið eyðibýli sem skráð er innan Gunnarsholts. Ekki er mikið að sjá á staðnum en þar er þó rústahóll og sjá má tvö hólf klöppuð í móbergið þar sem ætla má að hafi verið útihús. Lítið er vitað um þetta býli en það er mjög lýsandi fyrir þann gríðarlega fjölda uppblásinna eyðibýla sem finnst á svæðinu og mætti nýta staðinn til að veita almennan fróðleik um lífið við Heklurætur og þá gríðarlega miklu eyðibyggð sem víða er að finna á þessum slóðum. Slóði liggur að minjunum sem farinn er af veiðimönnum við veiðar í Ytri-Rangá.



Horft upp um stromp í helli á Geldingalæk. Til hægri er uppdráttur af hellinum í MHÍ, bls. 218. Búið er að grafa fram innganginn og var hann opinn þegar hellirinn var skráður á vettvangi 2009

Hellir (RA-302:019), friðlýstar minjar. Af Rangárvallavegi má keyra heim að Geldingalæk og skoða helli þar í heimatúninu sem heimildir herma að hafi verið mannabústaður en síðast var hann notaður sem fjárhús. Hellirinn er mjög skemmtilegur, hátt er til lofts og tveir heillegir strompar er í honum.

Reyðarvatnsréttir (RA-289:025). Næsti áfangastaður gæti verið torf- og grjóthlaðnar réttir á Reyðarvatni, Þær eru glæsilegur fulltrúi hlaðinna skilarétta og eru aðeins um 30 m norðaustan við veginn.



Reyðarvatnsréttir

Keldnakot (RA-282:119), friðlýstar minjar. Minjar um eyðibýli sem er nánast horfið vegna uppblásturs er fast við veginn í landi Keldna. Aðeins óljósir rústahólar eru eftir þar en engin rannsókn hefur farið fram á staðnum. Býlið er annað gott dæmi um örfoka rústir á svæðinu og kjörinn staður til að fjalla um sögu uppblásturs á svæðinu.

Gamli bærinn og kirkjan á Keldum

Keldur (RA-282:001). Næst mætti beina ferðalöngum að einum þekktasta minjastað svæðisins sem er torfbærinn á *Keldum* og torf- og grjóthlaðin mannvirki í gamla heimatúninu. Staðurinn þarf varla frekari kynningar við en mikið hefur verið fjallað um hann í ræðu og riti. Meðal helstu minja eru torfbærinn, upphlaðnar traðir og ýmis útihús. Saga Keldna er samofin sögu uppblásturs á Rangárvöllum og baráttunni við hann og vel mætti gera meira í því að kynna þá sögu fyrir gestum sem koma að Keldum.

Stóra-Hof (RA-279:001), friðlýstar minjar. Að lokum er hægt að hafa viðkomu á elsta þekkta bæjarstæði landnámsbýlis Ketils hængs Þorkelssonar. Bæjarstæðið er friðlýst og er um 200 m norðan við Rangárvallaveg. Ketils hængs er getið í Landnámu og samkvæmt henni var hann fyrsti landnámsmaðurinn á svæðinu sem nam allt land milli Þjórsár og Markarfljóts. Flytja þurfti bæinn af þessum stað í kringum 1760-80 vegna sandágangs. Staðurinn hefur mjög mikið vægi fyrir sögu svæðisins og upphaf og þróun byggðar á því. Ælta má að gríðarmikið af upplýsingum um byggðina á þessum fornfræga stað leynist í bæjarhólnum. Stóra-Hof kemur einnig nokkuð við sögu í Njáls sögu en samkvæmt henni bjó Mörður Valgarðsson á bænum. Þó að ekki sé lengur mikið að sjá á staðnum væri hægt að hafa ítarlegt upplýsingaskilti þarna um minjastaðinn.

Bæjarhóll Stóra-Hofs

Flestar þær minjar sem nefndar hafa verið á þessari leið bera þess einhver merki að vera á áhrifasvæði eldfjallsins Heklu en einn áhrifamesti orsakavaldur uppblásturs á svæðinu er gjóskufall í eldgosum sem orðið hafa í eldfjallinu fornfræga. Svæðið allt hefur mjög mikla rannsóknarmöguleika með tilliti til byggðaþróunar, gróðurfars, eldsumbrota, jarðfræði og þannig mætti áfram telja. Fornleifastofnun Íslands hefur á undanförnum árum hlotið tvo styrki (Þjóðhátíðarsjóður 2010 og Fornleifasjóður 2011) til þess að vinna vandaða forkönnun á eyðibyggðinni í gamla Rangárvallahreppi sem undirbúning langtímarannsókna við Heklurætur. Niðurstöður þess verkefnis komu út árið 2012.[12] Einnig fékkst styrkur fyrir verkefnið frá Menningarsjóði Suðurlands árið 2012 sem verður nýttur til kynningar á niðurstöðum rannsóknarinnar og til frekari gagnaöflunar. Forsvarsmenn verkefnisins vonast til að fjármagna ítarlegri fornleifarannsóknir á svæðinu á næstu árum. Niðurstöður forkönnunar væri hægt að gera aðgengilegar ferðamönnum og tengja við þau býli sem hér hafa verið nefnd og eru aðgengileg. Ennfremur væri hægt að vinna kynningarefni í samvinnu við Landgræðslu ríkisins sem er með aðsetur á svæðinu miðju. Fornleifastofnun og Landgræðslan hafa hafið óformlegt samstarf um

[12] *Í sambúð með óværum granna: forkönnun á ástandi, aldri og eyðingu byggðar við Heklurætur*, FS482-11011.

rannsóknir á svæðinu og miðlun þeirra. Mikill áhugi er fyrir því hjá þessum aðilum að halda málþing um eyðibyggðina og setja upp litla sýningu á gripum sem fundist hafa á svæðinu. Landgræðslan hefur breytt gamalli stóðhestastöð í *Sagnagarð*, glæsilegt safn með vinnuaðstöðu. Í Sagnagarði er umfangsmikil sýning sem fjallar um 100 ára sögu Landgræðslunnar. Tilvalið er að samþætta kynningu á fornleifum á svæðinu, með áherslu á áhrif uppblásturs, og sögu Landgræðslunnar.

Mynd úr Sagnagarði (af heimasíðu Landgræðslunnar www.land.is)

Niðurstöður og lokaorð

Gríðarlegt magn fornleifa er að finna um allt land en fram að þessu hafa fornleifar lítið verið nýttar í þágu ferðaþjónustu þó að miklir möguleikar felist í því. Ferðamannastraumur til Íslands hefur vaxið ört á síðustu árum og nú er svo komið að álag á vinsæla ferðamannastaði er orðið svo mikið að margir telja komið að þolmörkum. Fornleifar eru vannýtt auðlind í íslenskri ferðaþjónustu sem þarfnast þess sárlega að auka fjölbreytni áfangastaða og dreifa álagi á vinsælustu ferðamannastaðina. Til að hægt sé að nýta fornleifar í menningartengdri ferðaþjónustu þarf í fyrsta lagi að skrá þær svo að til sé vitneskja um hvar minjastaði er að finna, hvert ástand þeirra er o.s.frv. En það er ekki nóg að skrá fornleifar. Það þarf að velja úr fjöldanum þær fornleifar sem hafa mikið kynningargildi og eru aðgengilegar og koma upplýsingum um þær á framfæri við viðeigandi aðila, s.s. sveitarstjórnir á hverjum stað og fulltrúa ferðaþjónustunnar.

Við valið á fornleifum til kynningar má setja ýmislegt í forgang. Við vinnslu þessa verkefnis var gengið út frá nálægð við þjóðveg 1 í Rangárþingi ytra og jafnframt ákveðið að leggja sérstaka áherslu á gott aðgengi að minjunum, að þær væru áhugaverðar og fjölbreyttar, að þær hefðu mikið sjónrænt gildi og drægju fram sérkenni svæðisins í fornleifafræðilegu tilliti.

Flestar þeirra 20 fornleifa sem valdar voru til kynningar eru manngerðir hellar, eða 13 talsins. Níu þeirra eru friðlýstar minjar. Ástæðurnar fyrir því að hellarnir eru svona fyrirferðamiklir eru nokkrar. Hellarnir eru mjög sérstakar minjar sem eru vel varðveittar og hafa því mikið sjónrænt gildi fyrir almenning ólíkt mörgum öðrum minjaflokkum á Íslandi. Minjarnar eru einkennandi fyrir fornleifar á svæðinu en manngerðir hellar finnast nær eingöngu á Suðurlandi. Að lokum er óvanalega mikill fjöldi þeirra á litlu svæði en það er fáheyrt að svo margir manngerðir hellar finnist saman á litlu svæði eins og á Ægissíðu, eða sjö hellar. Enn fleiri hellar eru skráðir á Ægissíðu en þeir eru utan þess svæðis sem hér er til umfjöllunar eða sjást ekki lengur. Annað dæmi um minjar sem eru einkennandi fyrir fornleifar á svæðinu er bæjarhóll gamla bæjarins á Gaddstöðum. Í honum kristallast einnig saga ótal annarra bæja á Rangárvöllum sem urðu að lúta í lægra haldi fyrir miskunnarlausum uppblæstri í gegnum aldirnar. Aðrar minjar sem voru valdar til kynningar sýna hversu fjölbreyttum hlutverkum minjar á svæðinu gegndu.

Gott aðgengi er að flestum minjunum við þjóðveg 1 sem kynntar eru og almennt góðar aðstæður til að leggja farartækjum á öruggan hátt nærri minjastöðunum. Hellarnir á svæðinu eru í misjöfnu ásigkomulagi og sumir þeirra eru lokaðir eða óaðgengilegir. Margir þeirra eru hins vegar í góðu ástandi og með litlum tilkostnaði ætti að vera hægt að gera fleiri hella aðgengilega. Nýlegt dæmi um hversu vel getur tekist til um endurbyggingu forskála hellis er í Árbæjarhellishelli. Nauðsynlegt er að allar hugmyndir um framkvæmdir í eða við hellana og aðra minjastaði séu

unnar í samstarfi við landeigendur og Minjastofnun Íslands og er með skýrslu þessari aðeins tekið fyrsta skrefið af mörgum sem nauðsynlegt er að taka til þess að hægt sé að kynna minjastaðina og gera þá aðgengilega.

Verkefnið sem hér hefur verið kynnt sýnir að það eru afar miklir möguleikar fólgnir í fornleifum á Íslandi fyrir ferðaþjónustuna. Lagðar hafa verið fram tillögur að fjölda nýrra áhugaverðra áfangastaða í alfaraleið. Ferðamenn á Íslandi eru fjölbreyttur hópur fólks með ólíkar þarfir og væntingar til ferðalaga um landið. Mikilvægt er að nægilegt framboð sé á áhugaverðum áfangastöðum fyrir alla ferðamenn óháð áhugasviði þeirra og að endurnýjun verði á þeim svo fólk geti upplifað nýja staði á svæðum sem það hefur heimsótt áður.

Viðbætur 1

Allar skráðar minjar sem sést til á 1 km breiðu svæði sitthvoru megin við þjóðveg 1 í Rangárþingi ytra.

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Friðlýsing
RA-307:014	Veita	mannvirki	áveita	
RA-411:043		garðlag	áveita	
RA-413:031		garðlag	áveita	
RA-413:033		garðlag	áveita	
RA-275:028		tóft	beitarhús	
RA-308:018		tóftir	beitarhús	
RA-309:020		tóft	beitarhús	
RA-409:024		tóft	beitarhús	
RA-410:031		tóft	beitarhús	
RA-410:033		hellir	beitarhús	
RA-411:012	Markhólahellir	hellir	beitarhús	
RA-411:020		tóft+garðlag	beitarhús	
RA-412:030		tóft+garðlag	beitarhús	
RA-413:012		þúst	beitarhús	
RA-413:024	Brúin	hleðsla	brú	
RA-307:001	Helluvað	bæjarhóll	bústaður	
RA-308:001	Gaddstaðir	bæjarhóll	bústaður	
RA-413:001	Rauðalækur efri	bæjarhóll	bústaður	
RA-412:004		hellir	fjárhús	X
RA-419:030	Kirkjuhellir/Túnhellir	hellir	fjárhús	
RA-308:004		hellir	fjárskýli	X
RA-309:021	Borgarhvammur	tóftaþyrping	fjárskýli	
RA-413:006	Borgarhólar	þúst	fjárskýli	
RA-413:008	Borgargil	tóft	fjárskýli	
RA-413:026		tóft	fjárskýli	
RA-419:007	Borgarhóll	tóft	fjárskýli	
RA-309:018		tóft	fjós	
RA-419:028	Fjóshellir	hellir	fjós	X
RA-412:008		tóft	hesthús	
RA-419:003		tóft	hesthús	
RA-419:027	Hellistúnshellar	hellir	hlaða	X
RA-308:007	Huldukonuhóll	heimild	huldufólksbústaður	
RA-309:026	Galti	heimild	huldufólksbústaður	
RA-412:018	Surtteigsholt	náttúrumin	huldufólksbústaður	
RA-307:024		gerði	kálgarður	
RA-307:025		gerði	kálgarður	
RA-308:003		gerði	kálgarður	
RA-412:039		gerði	kálgarður	
RA-413:015		hleðsla	kálgarður	

RA-412:007		tóft	lambhús	
RA-276:007		varða	landamerki	
RA-307:020		garðlag	landamerki	
RA-308:013		garðlag	landamerki	
RA-410:012		garðlag	landamerki	
RA-411:047		garðlag	landamerki	
RA-412:010		varða	landamerki	
RA-409:042		gata	leið	
RA-410:030	Göturimi	gata	leið	
RA-411:021	Brekknagötur	gata	leið	
RA-413:032		gata	leið	
RA-413:034		gata	leið	
RA-413:035		gata	leið	
RA-661:002	Varmadalsgötur	gata	leið	
RA-661:020		gata	leið	
RA-661:036		gata	leið	
RA-307:017		náma	mógrafir	
RA-412:035		náma	mógrafir	
RA-412:034	Myllufoss	þúst	mylla	
RA-309:027		gerði	nátthagi	
RA-412:009	Nátthagi	garðlag	nátthagi	
RA-276:003		þúst	óþekkt	
RA-279:012	Gvendarkofi	tóftir	óþekkt	
RA-307:016		gryfja	óþekkt	
RA-308:011		hellir	óþekkt	
RA-308:012		garðlag	óþekkt	
RA-308:023		frásögn	óþekkt	
RA-309:029		tóft	óþekkt	
RA-309:032		tóft	óþekkt	
RA-410:032		hellir	óþekkt	X
RA-410:036		hellir	óþekkt	
RA-410:045		tóft	óþekkt	
RA-410:047		þúst	óþekkt	
RA-412:036		hellir	óþekkt	
RA-412:042		tóft	óþekkt	
RA-410:018	Gildruhóll	hleðsla	refagildra	
RA-412:041		tóft	rétt	
RA-307:005		hellir	skemma	X
RA-308:017		hellir	skemma	
RA-309:009	Stekkatún	þúst	stekkur	
RA-413:017		tóft	stekkur	
RA-308:020		hleðsla	traðir	
RA-410:039		garðlag	túngarður	
RA-419:008		garðlag	túngarður	
RA-410:010		þúst	útihús	

RA-412:033	Engjavað	heimild	vað	
RA-410:046		garðlag	vörslugarður	
RA-412:046		garðlag	vörslugarður	
RA-413:029		garðlag	vörslugarður	
RA-413:030		garðlag	vörslugarður	
RA-279:041		náma		
RA-419:029	Búrhellir	hellir		X
RA-419:031	Hrútshellir	hellir		X
RA-419:033	Skagahellir	hellir		X
RA-419:035	Lambahellar/Túnhellar	hellir		X
RA-661:009	Skollagróf	þjóðsaga		

Kort

Kort 1: Allar fornleifar við þjóðveg 1



Skýringar

Þjóðvegur 1

Fornleifar sem sést til

Fornleifar sem ekki sést til

Kort 2a: Fornminjar sem sjást við þjóðveg 1

Kort 2b: Fornminjar sem sjást við þjóðveg 1



Kort 3: Minjar á svæðum 1 og 2



Kort 4: Minjar á svæðum 3 og 4




Kort 5: Minjar við Landveg/Árbæjarveg
N
Pula
397001A-J
Hellir í Þjóðólfshaga
409007
Árbæjarhellishellir
416013
Skýringar
Þjóðvegur 1
Aukavegir
Áhugaverðar fornleifar
0
1
2
kilometers

Kort 6: Minjar við Rangárvallaveg